
FORNLEIFASKRÁNING VEGNA BRÚARVIRKJUNAR Í TUNGUFLJÓTI Í BISKUPSTUNGUM: UMHVERFISMAT



RITSTJÓRI: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, JAKOB ORRI JÓNSSON OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS571-15271



Ljósmynd á forsíðu er af Gaujatóft (ÁR-360:009) í landi Brúar, horft til vesturs

©2015

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.instarch.is

EFNISYFIRLIT


1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. FORNLEIFASKRÁ	11
5. FORNLEIFAR INNAN ÚTTEKTARSVÆÐIS Í EINKUNNUM.....	11
HEIMILDASKRÁ.....	19

Viðauki 1: Kort af rannsóknarsvæði og fornleifum

1. Inngangur

Í sumarbyrjun 2015 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunar Íslands ses og Mannvits fyrir hönd HS orku hf um að Fornleifastofnun myndi sjá um úttekt á fornleifum á 145 ha rannsóknarsvæði við efri hluta Tungufljóts í Biskupstungum. Í sumar og haust mun fara fram umhverfismat innan svæðis vegna hugmynda sem eru uppi um 9 MW rennslisvirkjun á þessum slóðum.

Rannsóknarsvæðið er innan landamerkja jarðanna Brúar og Haukadals. Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var unnin heimildaskráning fyrir jarðirnar. Hana vann Kristjana Vilhjálmsdóttir. Um vettvangsrannsóknir sáu þau Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Jakob Orri Jónsson og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Um úrvinnslu, korta- og skýrslugerð sá Elín. Áður en gengið var um svæðið var rætt var við ábúenda á Brú, Margeir Ingólfsson og Hrein Óskarsson hjá Skógrækt ríkisins sem hefur haft umsjón með Haukadal síðustu áratugi.



Á kortinu er gróflega áætluð staðsetning rannsóknarsvæðisins sem tekið var út vegna Brúarvirkjunar sýnd með rauðum kassa. Íslandskort fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafla er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og fornleifar innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu Þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar

og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í júní 2015 fór fram úttekt á rannsóknarsvæði við Tungufljót innan landareigna Haukdals og Brúar. Áður en svæðið var gengið var unnin heimildaúttekt, talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina að allar minjar í 20 m fjarlægð eða skemur frá ráðgerðum framkvæmdum „í stórhættu vegna framkvæmda“ en aðrar minjar innan rannsóknarsvæðis „í hættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari tilheyra annars vegar Brú (ÁR-360) og hins vegar Haukadalsdal (ÁR-361). Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-360:009). Fornleifaskráin samanstendur að lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörku minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.


4. Fornleifaskrá

ÁR-360 Brú

ÁR-360:008 tóft beitarhús

X 439899.67 Y 425612.6

"Langagil kemur upp skammt fyrir vestan Skagheiði. Rennur suðvestur í Tungufljót. Þvergil er vestan við Skagheiði. Rennur í Langagil. Arnarhóll er hóll með gamalli fjárhústótt. Við Langagil skammt frá þar sem gilið rennur í fljótið," segir í örnefnaskrá. Tóftin er efst á hól sem er fast vestan við Langagil og um 1,7 km norðan við íbúðarhúsið á Brú. Hóllinn er í deiglendum móa í holti milli Tungufljóts og Langagils. Gilið er aflíðandi og mjög blautt, nánast mýrlent.



Tóftin á Arnarhóli ÁR-360:008. Á ljósmynd er horft til norðvestur

Tóftin er um 18 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru mest um 0,70 m, á hæð, í hólfi II en þar er hún niðurgrafin, annars eru veggir víða 0,3-0,5 m á hæð. Tóftin er tvískipt. Hólf I er um 8 x 3 m að innanmáli og snýr í austur-vestur. Við inngang á austurvegg glittir í grjóthleðslur og má sjá steina úr hleðslum á dreif um hólfið en veggir eru mjög signir inn á við. Hólf II er vestan við hólf I og er um 3 x 3 m að innanmáli. Kjarr vex í veggjum tóftarinnar og er rof á einum stað á milli hólfa, í norðvesturhorni hólfs I.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Brú, 1

ÁR-360:009 Gaujatótt tóft beitarhús

X 439790.4 Y 425794.65

"Gaujatótt er vestur við Tungufljót, vestur af Arnarhól, beint á móti Skógarhólma. Kennd við Guðjón Sveinsson, sem þarna hafði fjárhús," segir í örnefnaskrá. Gaujatóft er um 1,85 km norðan við íbúðarhúsið á Brú en 15-20 m vestan við Tungufljót. Hún er um 210 m NNV við

tóft 008 á Arnarhóli. Tóftin er á árbakka Tungufljóts sem er vaxinn loðvíði og öðrum runnagróðri á þessum slóðum og ekki ber mikið á tóftinni úr fjarska. Hólmi er í ánni beint framan við tóftina en hann er nú alveg ógróinn og grýttur og sé hann umræddur Skógarhólmi hefur gróðurfar breyst mikið á honum.



Gaujatótt ÁR360:009. Á ljósmynd er horft til vesturs

Tóftin er 9 x 6,5 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún virðist hafa verið einföld en þó eru hryggur samsíða henni að sunnan sem gæti hafa markað af einhvers konar hólfi eða gerði. Þau ummerki eru þó of ógreinileg til að hægt sé að vera viss. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en veggir hennar eru talsvert útflettir og raskaðir. Um 20 cm norðan við suðurvegg tóftar, innan hennar, er þúfnaröð sem er samsíða veggnum. Líklega er hún aðeins vegghrun en þó er ekki hægt að útiloka að jata hafa verið á þessum stað. Op hefur verið á tóftinni á vesturvegg en það er nú orðið óljóst. Tóftin eða skýrasti hluti hennar er vaxinn grasi og mosa en þó vaxa einhverjar víðirunnar á veggjunum og innan hólfis.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Brú, 1

ÁR-360:017 tóft óþekkt

X 439754.12 Y 425370.99

Afar óljós tóft er um 1,4 km norðan við íbúðarhúsið á Brú en um 130 m austan við Tungufljót. Tóftin er tæplega 280 m SSV við tóft á Arnarhóli 008. Tóftin er fast sunnan við Grásteinsgil, nálega þar sem Grásteinsgil og Langagil koma saman. Lækjarspræna rennur norðan við tóftina og í sveig þannig að hún myndar eins konar nes þar sem tóftin er. Nesið eða tanginn er vaxinn mosa, grasi og víði.

Tóftin er mjög sigin og ógreinileg. Greinilegasti hluti hennar er 7 x 4 m stór, einfaldur og snýr austur-vestur. Op er á suðurgafli tóftar. Veggir tóftarinnar eru 0,1-0,2 m á hæð og

eru þeir grónir mosa og grasi og allt að 1,5 m á breidd. Fram af opinu á tóftinni er sléttað



Tóft ÁR-360:017. Á ljósmynd er horft til vesturs

svæði sem snýr þvert á tóftina og mögulegt er að óljós þúfnakragi sé þar í kring. Öll eru þessi ummerki of óljós til að geta talist annað hólf með vissu en mögulegt er að þarna leynist einhverjar mannvistarleifar. Ekki er getið um tóftina í rituðum heimildum svo að vitað sé og ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ÁR-361 Haukadalur

ÁR-361:065 *Hrísagarður innri* heimild um varnargarð X 439642.28 Y 425900.57

"Hrísagarður innri er móts við Vondavaðshöfða og stefnir þaðan í beina línu austur í Tungufljót. [...] Þetta voru varnargarðar til aðhalds, þ.e. til þess að varna því, að fé færi inn á afrétt," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnakorti Landmælinga Íslands var Hrísagarður innri þar sem nú er skurður ofan við Brúarhólma í ánni. Ef garðurinn var á þessum stað (sem virðist passa vel við önnur örnefni á svæðinu) er hann alveg horfinn en þar sem hann var er nú mikill vélgrafinn skurður. Ef svo er, er ekki er ljóst hvorum megin við skurðinn garðurinn var eða hvort hann var allur grafinn í burt þegar skurðurinn var gerður. Í samhengi við Hrísagarð innri má geta þess að um 320 m NNA við skurðinn þar sem líklegast er talið að garðurinn hafi verið má greina hrygg eða garðlag á loftmynd (hnit 439888 og 426126.1 ISN93). Samkvæmt loftmyndinni mætti ætla að garðlagið hafi verið um 100 m langt en

vafalaust hefur þá náð lengra til VNV áður. Ekki fundust greinileg ummerki um það á jörðu niðri og er mögulegt að það sé ekki garðlag heldur ummerki um framkvæmdir við þá umfangsmiklu skógrækt sem þarna er allt í kring. Ef ekki er garðlagið orðið illgreinilegt sökum áður nefndra framkvæmda.

Allt umhverfis er mói, mosi en einnig er þar talsvert af skógi sem plantað hefur verið á svæðinu. Mýrlent er á þessu svæði en það hefur verið kílræst. Plægðar hafa verið rennur þar sem trjám hefur verið plantað og rennur vatni í skurðinum meðfram svæðinu. Engin ummerki garðlags sjást á þessum slóðum, innan framkvæmdarsvæðis.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Haukadalur A, 13

ÁR-361:066 *Hrísagarður fremri* heimild um varnargarð

"Hrísagarður fremri (þ.e. syðri) liggur móts við Brúarhólma sunnan við Hríshús [067], sem var beitarhús suðvestur frá Vondavaðshöfða, skammt ofan við Sporð í beina línu milli Almenningsár og Tungufljóts. Þetta voru varnargarðar til aðhalds, þ.e. til þess að varna því, að fé færi inn á afrétt," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingu ætti Hrísagarður fremri eða syðri að hafa verið ofan við Sporð og legið til austurs að Tunguá þar sem Brúarhólmi er í henni. Sá hluti þessa svæðis sem er innan áhrifasvæðis hefur allur verið tekinn undir stórfellda skógrækt. Farið hefur verið yfir svæðið á stórum vinnuvélum og það skorið í sundur og trjám plantað. Á því skiptast því á skurðir og uppkast sem mynda rendur í landið. Að auki hefur nú skógurinn náð talsverðum hæðum. Sökum þessa er mjög erfitt að leita af sér allan grun á svæðinu en það var þó gengið í leit af garðinum. Ekki fundust ummerki um hann innan framkvæmdarsvæðis og er líklegt að öll ummerki um hann séu þar horfin. Ekki var því hægt að staðsetja garðinn með nákvæmum hætti.


Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Haukadalur A, 13

ÁR-361:068 *Sprænuhústóft* tóft beitarhús X 440292.36 Y 426552.63

"Sprænuhústóft er fast austur við Tungufljót skammt frá Stóru-Grjótá. Vestan við hana er Sprænuhúskvísl. Sprænuhús var beitarhús," segir í örnefnaskrá. "Sprænuhúsatóft er niður undir Tungufljóti og hefur ekki verið notuð í manna minnum. Hún var tekin sem dæmi um beitarhús, en umhverfi hennar er mjög sérstætt, allt skógi vaxið með smásprænum á milli,"

segir í minjaskrá Bryndísar Róberts frá 1986. Sprænuhúsatóft er á tanga milli Sprænuhúsakvíslar til vesturs og Tungufljóts til austurs. Hún er um 2,3 km norðaustan við



Sprænuhústóft ÁR-361:068. Á ljósmynd er horft til norðausturs

gamla bæinn í Haukadal 001. Tóftin er uppi á tanganum en beggja vegna hennar, til vesturs og austurs (10-15 m frá tóftinni sjálfri) er bratt niður að lækjaruppsprettum. Tanginn er skógivaxinn en sunnan og suðvestan við tóftina er skóglaut svæði. Til að komast að henni þarf að vaða ár, brjótast í gegnum þéttan birkiskóg og hoppa yfir smærri lækjardrög. Allt nánasta umhverfi tóftarinnar er skógivaxið og mýrlent á köflum.

Tóftin er 14 x 9 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö hólf. Hólf I er suðvestar og hefur það verið sjálf fjárhúsin. Ekki sést til garða eða jatna í hólfinu. Það er 7 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru úr torfi og grjóti en eru nú algrónir. Þeir eru grasivaxnir og 0,7-1 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Op er á tveimur stöðum, annað til suðvesturs en hitt er í norðvesturhorni hólfins, yfir í hólf II. Hólf II er norðaustar. Það er 5 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er opið til suðausturs og í suðvesturhorni er op yfir í hólf I. Veggirnir eru grónir og um 1 m á breidd. Hugsanlega hefur hólfið verið hlaða en það er ekki niðurgrafið.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Haukadalur A, 14; Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986


ÁR-361:102 þúst óþekkt

X 440863 Y 426740

Þúst er á milli Stóru-Grjótár (til vesturs) og Tungufljóts (til austurs), um 2,9 km norðaustan við gamla bæinn í Haukadal 001. Þústin er á mosavaxinni heiði. Þetta svæði kallast Sprænur

en þurr mói er þó á bökkum Tungufljóts þar sem þústin er. Umhverfis vex mosi, lyng og lágvaxinn runnagróður. Svæðið er fremur flatt. Þústin er á norðausturmörkum svæðisins en suðurhluti svæðisins er vaxinn birki.

Þústin er 15 x 12 m stór og um 0,3 m á hæð og er stórbýfð. Hún er fremur hringlaga. Þýfðir paldrar liggja eftir henni endilangri. Ekki er hægt að greina eiginlega vegg. Þústin rís úr



Þúst ÁR-361:102. Á ljósmynd er horft til vesturs

umhverfinu og ekki er aðrar hæðir að sjá á svæðinu. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar gætu leynst undir sverði á þessum stað en ekki er hægt að fullyrða um það án undangengnum uppgrefti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

5. Fornleifar innan rannsóknarsvæðis við Tungufljót

Fornleifaskráning innan rannsóknarsvæðis við Tungufljót var unnin seinni hluta júnímánaðar 2015 og gengu þrír fornleifafræðingar um svæðið. Rannsóknarsvæðið er 145 ha að stærð og er beggja vegna Tungufljóts. Það er um 2,4 km að lengd en um 900 m á breidd þar sem það er breiðast allra norðaustast. Veðurskilyrði til vettvangsrannsókna voru mjög góð, heiðríkt og skyggni gott.

Á Brú er enn stundaður búskapur en sá hluti Haukadals sem er innan rannsóknarsvæðis var gefinn undir skógrækt 1939 og þar hefur síðan verið stunduð talsverð skógrækt og landið friðað fyrir beit. Eins og gefur að skilja er því gróðurfar á svæðinu er talsvert ólíkt austan og vestan fljóts. Austan fljóts, í Brúarlandi er svæðið er gróið mosa, grasi og lágum runnagróðri hér og þar. Svæðið er víðast hvar mjög deiglent, það nær til austurs frá Tungufljóti og skiptast á gil og hæðir. Vestan fljóts hefur gróðurfar tekið gagngerum breytingum á undanförunum áratugum. Svæðið hefur verið ræst fram, plægt með stórum vinnuvélum og þéttur og illfær skógur ræktaður. Ætla má að rannsóknarsvæðið hafi mest verið nýtt fyrir útbeit í gegnum aldirnar og endurspeglast sú nýting í minjunum sem skráðar voru.

Þrátt fyrir að gengið hafi verið skipulega um allt svæðið var í raun ekki hægt að leita af sér allan grun vestan við Tungufljót. Þar er nú afar þéttur skógur sem erfitt er að brjóta sér leið í gegn og jafnvel þótt hann hafi verið genginn eftir bestu getu var yfirsýn við gönguna svo takmörkuð að ekki hægt að fullyrða að svæðið sé fullleitað. Stærstur hluti af rannsóknarsvæðinu hefur auk heldur verið plægður upp (í skurði og uppkast) og er líklegt að hafi fornleifar verið á svæðinu áður en skógræktin hófst hafi þær líklegast horfið í skógrækt og framkvæmdir henni tengdum.

Þrátt fyrir talsverða erfiðleika við vettvangsgöngur vestan ár var reynt að ganga kerfisbundið um svæðið og leitað að fornleifum, bæði þar sem þeirra mátti vænta fyrirfram og þar sem engar vísbendingar voru um að minjar gætu leynst. Niðurstaðan var að sjö minjastaðir voru skráðir á svæðinu, fjórir vestan ár (þar af einn sem ekki var hægt að staðsetja) og þrír austan ár.

Flestar, ef ekki allar minjarnar tengjast skepnuhaldi í úthögum. Tvær af tóftunum þremur í landi Brúar voru beitarhús og ekki er ólíklegt að þriðja tóftin, sem er óþekkt úr

heimildum hafi verið það líka. Í landi Haukadals voru skráðir tveir garðar sem byggðir voru til að varna því að fé færi inn á afrétt en lítil sem engin ummerki sjást um þá lengur. Þar voru einnig skráð beitarhús (Sprænuhúsatóft ÁR-361:068) sem enn sést vel þótt leið að henni sé talsvert erfið. Óræð þúst (ÁR-361:102), sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi, var einnig skráð við árbakka Tungufljóts að vestanverðu.

Ákveðið var að meta þá hættu sem að fornleifum á rannsóknarsvæðinu steðjaði út frá fjarlægð þeirra frá ráðgerðum mannvirkjum/lóni, eins og þau eru teiknuð nú (sjá kort aftast). Rétt er að minna á að verði breytingar á skipulagi innan reits þarf að endurskoða hættumat. Ákveðið var að allar þær fornleifar sem væru í 20 m fjarlægð eða skemur frá framkvæmdum teldust í stórhættu en þær fornleifar sem fjær væru frá ráðgerðum framkvæmdum teldust í hættu.¹ Niðurstaðan var sú að aðeins ein fornleif telst í stórhættu, þ.e. er nær en 20 m frá ráðgerðum mannvirkjum. Það er fjárhústóft á Arnarhóli (ÁR-360:008). Aðrar fornleifar voru fjær framkvæmdum og töldust því í hættu. Af þeim fornleifum sem flokkast í hættu er í raun allar nema ein í meira en 50 m fjarlægð (en tóft með óþekkt hlutverk, ÁR-360:017 var í um 36 m fjarlægð frá framkvæmdum). Það er því rétt að ítreka að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta og varlega þarf að fara í framkvæmdir og umferð stórtækra vinnuvéla í nágrenni hennar. Í flestum, ef ekki öllum tilfellum ætti að vera auðvelt með merkingum, aðgát og í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Rétt er að geta þess í lokin að ef í einhverjum tilfellum verður hjá raski á fornleifum þarf að leita til Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

¹ Hér er „framkvæmdir“ notað sem regnhlífarhugtak um allar þær breytingar sem geta orðið á svæðinu vegna framkvæmda s.s. möguleg vegagerð, stíflugerð, lóns o.s.frv.

Heimildaskrá

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847.* Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Óútgefið efni

Fornleifastofnun Íslands:

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar.

Þjóðminjasafn Íslands, fornleifadeild: Minjaskrá Bryndísar Róberts 1986. Óútgefin skráningarbók.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort: Túnakort frá 1916-1920. Jarðadeild.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Ö-Brú: Örnefnaskrá Brúar. Gunnar Karlsson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1963.

Ö-Haukadalur A: Örnefnaskrá Haukadals. Þórhallur Vilmundarson skráði. Örnefnastofnun, Reykjavík 1973.

Heimildamenn:

Margeir Ingólfsson fyrir Brú

Hreinn Óskarsson fyrir Haukadal.



Þekktar fornleifar innan rannsóknarsvæðis við Tungufljót

